



Nefndarsvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 11. maí 2012

Efni: 140. löggjafarþing. 654 mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um bókmenntasjóð og fleira, nr. 91/2007 (Miðstöð íslenskra bókmennta)
Umsagnaraðili: Félag íslenskra bókaútgefenda

Félag íslenskra bókaútgefenda eru heildarsamtök íslenskra bókaútgefenda. Félagið var stofnað árið 1889 og hefur æ síðan beitt sér fyrir hagsmunum bókaútgefenda gagnvart bóksöllum og öðrum aðilum á bókamarkaði og er til ráðgjafar um samninga bókaútgefenda við höfundarréttshafa. Félag íslenskra bókaútgefenda berst fyrir því að höfundar- og útgáfuréttur sé virtur og fyrir virku prent- og tjáningarfrelsi. Félag íslenskra bókaútgefenda er meðlimur í alþjóðlegum samtökum útgefenda, International Publishers Association (IPA) og Evrópusamtökum útgefenda, Federation of European Publishers (FEP).

1. Miðstöð íslenskra bókmennta og bókmenntakynning erlendis

Stjórn Félags íslenskra bókaútgefenda er í grundvallaratriðum samþykkt þeim áherslum sem ofangreint lagafrumvarp leggur á sviði bókmenntakynningar erlendis. Íslensk stjórnvöld hafa starfað að bókmenntakynningu undanfarin ár á tveimur sviðum, annars vegar í gegnum verkefnið Sögueyjan Ísland, og hins vegar á grundvelli laga nr. 91/2007 um bókmenntasjóð og fleira. Stjórn Félags íslenskra bókaútgefenda fylgdist með aðdraganda ofangreinds frumvarps og telur, líkt og reifað er í rökstuðningi frumvarpsins, að það sé til þess fallið að viðhalda þeirri miklu fjárfestingu sem lögð var í bókmenntakynningu erlendis í tengslum við verkefnið Sögueyjan Ísland.

Stjórn Félags íslenskra bókaútgefenda bendir hins vegar á að mikilvægt sé að haft sé í huga við setningu nýrra laga að áreiðanlegasti mælikvarðinn á árangur bókmenntakynningar er sá fjöldi útgáfusamninga sem ár hvert eru gerðir fyrir hönd íslenskra höfunda við erlend bókaförlög. Það starf er að mestu unnið af einkafyrirtækjum og starfsmönnum bókaförlaga sem hafa með höndum að selja réttindi. Mikilvægasti stuðningurinn fyrir íslenska bókaútgefendur er sterkur sjóður

Þangað sem erlendir bókaútgefendur geta sótt um styrki til að þýða íslenskar bækur á erlend mál og verkefnafe til að létta undir markaðssetningu bókana. Stjórn Félags Íslenskra bókaútgefenda hefur áhyggjur af því að sá öflugi og ódýri stuðningur verði fyrir borð borinn til að mæta rekstrarkostnaði og launkostnaði innan Miðstöðvar Íslenskra bókmennta.

2. Hlutverk bókmenntasjóðs og stuðningur við íslenska bókaútgáfu

Stjórn Félags Íslenskra bókaútgefenda telur að í fyrirliggjandi lagafrumvarpi sé þess ekki gætt að þörf er á frekari stuðningi við innviði Íslenskrar bókaútgáfu. Með lögum nr. 91/2007 um bókmenntasjóð og fleira var stefnt að aukinni hagræðingu og eflingu Íslenskrar bókmenningar og Íslenskrar bókmenntakynningar erlendis. Bókmenntasjóður hefur unnið gríðarlega fjölbreytt og öflugt starf við bókmenntakynningu erlendis á undanförunum árum samhliða því glæsilega starfi sem Sögueyan Ísland innti af hendi. Bókmenntasjóður hefur til að mynda stutt þýðingar úr Íslensku yfir á tugi tungumála og útkomu Íslenskra bókmenntaverka í sex heimsálfum. Um leið hefur Bókmenntasjóður styrkt markaðsstarf bókaforlaga og bókmenntahátíða um allan heim með því að greiða fyrir ferðum Íslenskra höfunda og kynningarstarf þeirra.

Hvað varðar íslenska bókaútgáfu er hins vegar annað uppi á teningnum. **Halda má því fram með margvíslegum rökum að hið opinbera hafi aldrei á síðustu áratugum jafn lítið stutt við innviði Íslenskrar bókaútgáfu og nú.**

Á fyrsta áratug 21. aldar styrkti fjárlaganefnd útgáfu Íslenskra bóka um allháar upphæðir. Frá 2000-2010 nam heildarupphæðin 240 milljónum króna. Með nýju verklagi sem fyrst var tekið upp við fjárlagagerð yfirstandandi fjárlagaárs var öllum beinum styrkjum sem fjárlaganefnd veitti áður beint ýmist í lögbundinn farveg, þ.e. til Bókmenntasjóðs, eða beint til mennta- og menningarmálaráðuneytis sem auglýsir eftir slíkum styrkjum en veitir þá aðeins til bókaútgáfu í undantekningartilvikum. Verklagið er í samræmi við óskir bókaútgefenda sjálfra um fagleg vinnubrögð og að úthlutað sé úr samkeppnissjóði en ekki eftir skoðunum fjárlaganefndar. Niðurstaðan af þessum breytingum varð hins vegar ekki sú að Bókmenntasjóður væri styrktur til samræmis, heldur rennur nú 24 milljónum minna til Íslenskrar bókaútgáfu árlega en á árabílinu 2000-2010 að meðtali.

Þegar þess er einnig gætt að upphafleg áform um framtíð Bókmenntasjóðs voru að hann yrði styrktur til muna, raunar þannig að heildarframlag í sjóðinn næði 100 milljónum árlega, er ljóst að núverandi ástand er mjög bágborið. Árlega renna aðeins 15 milljónir í beina styrki til Íslenskrar bókaútgáfu úr Bókmenntasjóði og um 10 milljónir til þýðinga úr erlendum tungumálum. Þetta eru talsvert lægri upphæðir en veittar voru til að styrkja útgáfur og þýðingar í fyrirrennurum Bókmenntasjóðs, Menningarsjóði og þýðingasjóði. Ljóst er því að þegar lítið er til þessara þátt aða stofnun Bókmenntasjóðs hefur fyrst og fremst

gagnast útrás íslenskra bókmennta. Innviðir íslenskrar bókmenningar sitja hins vegar eftir í verra standi en áður.

3. Stjórn Miðstöðvar íslenskra bókmennta

Stjórn Félags íslenskra bókaútgefenda er afar ósátt við að Rithöfundasamband Íslands skuli enn sem fyrr hafa tvo fulltrúa í stjórn Miðstöðvar íslenskra bókmennta, líkt og áður var kveðið á um í lögum um bókmenntasjóð og fleira nr. 91/2007. Nú hafa fulltrúar höfunda þrjá fulltrúa í stórn en útgefendur einn.

Bókmenntasjóður er helsti stuðningssjóður íslenskrar bókaútgáfu og öll svið hans koma beint inn á daglegt starf íslenskra bókaútgefenda. Það er því fullkomlega óeðlilegt að hagsmunafélög höfunda skuli hafa þrjá fulltrúa í stjórn en bókaútgefendur aðeins einn. Íslensk einkarekin bókaútgáfa fjárfestir árlega fyrir um 4 milljarða í útgáfu íslenskra bóka og ársvelta virðisbætur allrar er um 35 milljarðar. Hún veitir um þúsund manns atvinnu í prentun, dreifingu, ritun, afgreiðslu og útgáfu. Stjórn Félags íslenskra bókaútgefenda furðar sig á því að það starf sem unnið er af hendi af einkareknum bókaútgáfum í þágu málsafélagsins og íslenskrar menningar skuli vera svo lítils metið af hinu opinbera að bókaútgefendum sé ekki treyst til að hafa tvo fulltrúa andspænis þremur fulltrúum höfundasamtaka í stjórn Miðstöðvar íslenskra bókmennta, eina opinbera stuðningssjóði íslenskrar bókaútgáfu, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

4. Niðurstaða

Ofangreint lagafrumvarp festir í sessi þann árangur sem náðst hefur á sviði bókmenntakynningar erlendis. Það tekur hins vegar ekki á því vandamáli að innviðir íslenskrar bókmenningar njóta nú lítils stuðnings frá hendi hins opinbera. Þetta er algerlega á skjön við yfirlýsta stefnu Alþingis, samþykkt einróma árið 2009, um íslenska málstefnu, þar sem nánast öll notkunarsvið íslenskunnar eiga að hafa stuðning af útgáfu stuðningsrita, handbóka, bókmennta, þýðinga og fræðaefnis. Alþingi hefur ekki fylgt ályktun sinni um íslenska málstefnu eftir með íslenskri bókmenningarstefnu og ekkert í orðalagi ofangreinds lagafrumvarps né rökstuðningi við það og öðrum athugasemdum mennta- og menningarmálaráðuneytis eða fjármálaráðuneytis, gerir ráð fyrir breytingu þar á. Í greinargerð fjármálaráðuneytis kemur beinlínis fram að ekki er fyrirséð að aukinn fjárhagslegur stuðningur sé veittur til innviða íslenskrar bókaútgáfu í náninni framtíð. Stjórn Félags íslenskra bókaútgefenda beinir því til Alþingis að samþykkja því aðeins fyrirbyggjandi lagafrumvarp að tryggt sé að íslenskri bókmenningu verði sómi sýndur.

F.h. Félags íslenskra bókaútgefenda

Benedikt Kristjánsson
Framkvæmdastjóri

